

Þveráarkirkja 80 ára
2 síður úr Kirkjuritinu
1 síða úr Heimskringlu

Þakka þér kærlega fyrir þessi bréf, Már! Ég sendi þér hérna með tvær greinar um hátíðina sem haldin var sunnudaginn 24. ágúst 1958 þegar Þveráarkirkja varð 80 ára. Þessi hátíðahöld eru mér minnstæð því ég sat sjálfur í kirkjunni og starði útí sólina fyrir utan, á grænt grasið í kirkjugarðinum og fylgdist með flugunum í glugganum. Þarna hef ég setið grafkyrr við hlið Jóhanns og Sigríðar, ellefu ára gamall, hægra megin í kirkjunni. Og hvað karlarnir gátu verið langorðir, sérstaklega séra Örn. Ég sé núna að hann hefur í löngu máli verið að rekja sögu Þveráarkirkju að fornu og nýju. Jónas hefur sagt byggingarsöguna, en ekkert man ég úr þeirri frásögn nema sleðaferðirnar að vetri með steinana og bolann sem dró þá að sumri upp brekkuna að Þverá. En allt tók þetta samt enda og gómsætt meðlætið í kirkjukaffinu beið og frelsið í sólskininu.

Kær kveðja!

Jón Hálfðanarson 31.01.2012

PS. Greinin í Lögbergi er eftir Aðalbjörgu Johnsen. Athugið að í greininni er Jón Þveræingur Jónsson sagður heita Jón Víðis. Jón Víðis var að sjálfsögðu sonur Jóns Þveræings og bróðir Þórnýjar sem getið er sem eiginkonu Hálfðans, sonar Eiríks Þorbergssonar.

Sjá annars dagbækur Jóns Jóakimssonar varðandi byggingu kirkjunnar.

að gefa 50 þúsund krónur til kirkju- og menningarmála. Skiptist gjafaféð þannig, að 10 þús. kr. komu í hlut hverra hinna þriggja kirkna í gamla hreppnum, Lögmannshlíðar, Glæsibæjar og Bægisár, en 20 þúsund kr. til barnaskóla sveitarinnar. Eiga forráðamenn sjóðsins miklar þakir skildar fyrir þessa sérstæðu og rausnarlegu gjöf. Gjaldkeri sparisjóðsins er Jón M. Benediktsson frá Moldhaugum, en formaður sjóðsstjórnar Einar G. Jónsson á Laugalandi.

Kirkjukórasamband Vestur-Skaftafells-prófastsdæmis minntist 10 ára afmælis síns með söngmóti að Kirkjubæjarklaustri 6. des. s. l. Mættir voru þar allir (7) kórar sambandsins. Sungu þar 120 manns. Áheyrendur voru um 150. Var söngnum mjög vel tekið. Ræður fluttu á hljómléikunum, á milli þess er sungið var, þeir Óskar Jónsson, formaður Kirkjukórasambandsins, séra Valgeir Helgason og séra Jónas Gíslason. Eftir samsöngnum voru kaffiveitingar hjá Kirkjukór Prestsbakkasóknar handa öllum kórnum. Þar talaði prófasturinn, séra Gísli Brynjólfsson, og Óskar Jónsson. Og var söngkennaranum Kjartani Jóhannessyni þakkað mikið og merkilegt söngmenningarstarf, og flutti Vilhjálmur Eyjólfsson Kjartani kvæði. Kvikmynd var sýnd.

Gjafir til Unaðsdalskirkju. Ingvar Ásgeirsson, Lyngholti, Snæfjallahreppi, var í sóknarnefnd Unaðsdalssóknar frá því árið 1922 og sóknarnefndarformaður og meðhjálpari frá því 1923 til dauðadags 11. apríl 1956. Til minningar um hann gaf ekkja hans, Salbjörg Jóhannsdóttir, Unaðsdalskirkju 10 sálmaþækur, og einnig gáfu ekkja hans og börn Unaðsdalskirkju til minningar um hann 1000 kr. Með honum voru í sóknarnefnd frá því árið 1923 þeir Helgi Guðmundsson, Unaðdal, og Halldór Halldórsson, Bæjum. Til minningar um Helga Guðmundsson gáfu ekkja hans, Guðrún Ólafsdóttir, og börn Unaðsdalskirkju 1000 kr. Ekkja Halldórs Halldórssonar, Þorbjörg Brynjólfsdóttir og börn gáfu Unaðsdalskirkju til minningar um hann og dóttur þeirra 1000 krónur. Kolbeinn Guðmundsson frá Lónseyri, Snæfjallahreppi, gaf Unaðsdalskirkju til minningar um foreldra sína, Sigríði Jónsdóttur og Guðmund Engilbertsson, 5000 krónur. Einnig gáfu fleiri einstaklingar Unaðsdalskirkju til minningar um látna ástvini, alls 2000 kr.

Þverárkirkja í Laxárdal. Árið 1958, sunnudaginn 24. ágúst, var prófasturinn í S.-Þingeyjarprófastsdæmi, séra Friðrik A. Friðriksson, staddur að Þverá í Laxárdal, samkv. ósk sóknarprests og sóknarnefndar, til þess að taka þátt í guðspjónustu og hátíðahaldi í tilefni þess, að Þverárkirkja er nú 80 ára og hefir hlotið gagnvera aðgerð. Kirkjan var fullsetin af sóknarfólki og gestum, sem sumir voru langt að komnir — fyrrv. dalbúar og ýmsir afkomendur Jóns Jóakímssonar, sem reisti kirkjuna. Prófastur prédikaði. Séra Örn Friðriksson á Skútustöðum og prestur kirkjunnar, séra Sigurður Guðmundsson, þjónuðu fyrir altari. Friðrik Jónsson, bóndi á Halldórstöðum, Reykjadal, sem um alllangt skeið hefir verið organisti kirkjunnar, annaðist orgelleik. Eftir messu flutti sóknarpresturinn erindi um Þverárkirkju að fornu og nýju. Gunnlaugur Tr. Gunnarsson, bóndi í Kasthvammi, minntist prestanna, sem þjónað hafa söfnuðinum í tíð þess-

arar kirkju. Hallgrímur Þorbergsson, bóndi að Halldórsstöðum í Laxárdal, bar fram þakkir safnaðarins fyrir þá ágætu viðgerð, sem fram hefir farið á kirkjunni. Kirkjueigandinn, sem kostað hefir viðgerðina, Jónas Snorrason hreppstjóri, fór nokkrum orðum um upphaflega smíði kirkjunnar og síðari viðgerðir (lýsti t. d. hinu örðuga grjótnámi í eystri dalbrún og flutningi grjótsins á sleðum að vetri til, en á hestum að sumri, er birgðir reyndust ónógar; gat þess, að kirkjan væri ögn lægri en áætlað var, vegna grjótpurrðarinnar). Sungið var á milli þessara þátta við orgelleik Ragnars H. Ragnars frá Ljótstöðum, organista á Ísafirði. Tilkynt var, að ungmennafélag dalsins mundi gefa kirkjunni þjóðfánann, en börn Jóns („Þveræings“) Jónssonar, Jóakimssonar, mundu gefa henni skirnarskál eða font. Að lokum bauð kirkjubóndi öllum viðstöddum til rausnarlegra veitinga. Aðgerðin fór fram síðastl. sumar. Að henni unnu einkum Áskell Jónasson, Þverá (sonur kirkjubónda), og Benedikt Jónsson, rafveitustarfsmaður í Húsavík (dóttursonur Benedikts frá Auðnum Jónssonar, Jóakimssonar). Að utan var kirkjan hreinsuð öll (t. d. af mosagróðri) og hvítmáluð. Þak (einnig turnþak) rauðmálað. Gert var við vindhana á turni (með byggingarártali kirkjunnar). Að innan var gert við skellur, sem dottnar voru á múrverk kirkjunnar kringum glugga og við gólf; var það allvandasamt verk, því að kirkjan er byggð úr sandsteini og limd kalki. Gluggagrindur (úr járn) voru hreinsaðar og málaðar ryðvarnarmálningu, sprungnar rúður og brotnar endurnýjaðar, og lituð gler sett í glugga yfir altari. Kirkjan og fastir munir hennar voru máluð í hinum upprunalegu litum, svo nákvæmlega sem unnt var. Verka varð alla gamla málningu af bekkjum, prédikunarstóli (nema spjöldum), grátum og altaristöflumgerð. Bekkjaseturnar voru málaðar ljósbrúnar, en bekkir að öðru leyti rauðbrúnir. Spjöld öll á prédikunarstóli og altari héldu upprunalegri málningu. Stjórnur voru teknar niður af hvelvingu og gulmálaðar, hvelvingin síðan blámáluð. Altaristöflumgerð blá með brúnum og gylltum listum. Kirkjusvalir hvítar sem meginkirkjan. Gólf grátt. Settar voru nýjar súlur, steinsteyptar, hvor sínu megin við kirkjudyf. — Þannig er Þverárkirkja nú að sjá sem ný, utan og innan, og öll hin vistlegasta. Þess ber og að geta, að nýlega hefir verið steypt upp girðing á vesturhlíð kirkjugarðs og máluð. *Friðrik Friðriksson.*

Hafin kirkjubygging í Reykjahlíð. Ár 1958, þriðjud. 26. ágúst, var undirritaður kvaddur til þátttöku í virðulegri athöfn, er þá fór fram í Reykjahlíð í Mývatnssveit, er hafin var bygging nýrrar Reykjahlíðarkirkju. Skýjað var, en fremur lofthlýtt, og fór athöfnin fram úti, fáa metra vestan við hina gömlu kirkjulóð, en þar höfðu landeigendur og sóknarnefnd komið sér saman um að staðsetja kirkjuna og mælt fyrir grunni hennar. Allmargt sóknar fólk var viðstatt. Ávörp fluttu: Sóknarpresturinn (séra Örn Friðriksson), sóknarnefndarformaðurinn (Sigfús Hallgrímsson, bóndi og organisti í Vogum) og prófastur. Er sóknarnefndarformaður hafði lokið máli sínu, bað prófastur hann að stinga upp fyrsta hnausinn úr grunnstæði hinnar

Fréttabréf úr Suður-Pingeyjarsýslu

Framhald af bls. 1

frá Reykjavík, með viðkomu á Akureyri. Flugvöllurinn er nyrzt í Aðaldalshrauni, ekki stór ennþá, en gert ráð fyrir að stækka hann seinna svo að millilandaflugvélar geti lent þar, þegar skilyrði til lendingar eru slæm fyrir sunnan eða á Akureyri.

Á sumrin hefur jafnan verið hér allmikið um skemmtanalíf, a. m. k. dansleiki, en nú er varla um slíkt að ræða nema þar sem nýju félagsheimilin (Community Halls) eru komin upp. Til dæmis hefur ekki verið dansleikur á Hólmaðaði í allt sumar, fyrr en núna, að „réttarballið“ er haldið þar í kvöld. Gömlu samkomuhúsin eru alveg orðin útundan. Aðeins eitt félagsheimili er í Suður-Pingeyjarsýslu — að Skjólbrekku (við Skútustaði) í Mývatnssveit. Þangað koma líka góðir skemmtikraftar. T. d. hafa tveir eða þrjú leikflokkar komið þangað í sumar, einsöngvarar, kórar (m. a. norskur karlakór) o. s. frv. Symphoniu hljómsveit Reykjavíkur kom þangað í fyrra. Svona skemmtikröftum er ekki hægt að bjóða upp á lélega eða lítill húsakynni, og vissulega veitir þetta menningarstraumurinn inn í sveitirnar. En dýrt er það fyrir þá sem þurfa að kaupa sér far þangað langar leiðir með bílum, auk þess sem aðgangur hefur verið \$2—3 (eftir skráðu gengi), og um \$1.50 bara fyrir dansinn á eftir.

Ég fékk góða gesti í sumar: Sveinn Oddsson, Páll Bjarnason og kona hans frá Vancouver, litu inn til mín sem snöggvast, og seinna í sumar Stefán Johnson og Steinunn kona hans, frá Seattle. Einnig var ég svo heppin að eiga dags stund með Soffaníasi Thorkelessyni og konu hans frá Victoria, á heimili bróður hennar, sem búsettur er skammt héðan. Maður kann alltaf vel við að sjá vesturíslensk andlit og mér finnst gleðilegt hvað margir að vestan eru farnir að leggja leið sína heim.

Þann 9. júlí í sumar var opnað svonefnt „byggðasafn“ í gamla bænum á Grenjaðarstað. Fólk er farið að skiljast að allt það gamla er að sópast burtu. — Byggðasöfnin eru stofnuð til þess að varðveita það, sem heyrir til „gamla tímanum“, svo að þeir, sem nú eru að alast upp geti séð með eigin augum við hvað afar og ömmur þeirra bjuggu og við hvað foreldrar þeirra ólust upp, því hér má telja að „nýi tíminn“ sé ekki nema 20—25 ára, svo ör hefur breytingin verið bæði um húsakost og öll vinnubrögð á þessum árum.

Þessum byggðasöfnum er komið fyrir í gömlum bæjum,

og er þá jafnan fyrsta verkið að lagfæra þá eða endurreisa. Nú er búið að gera Grenjaðarstaðabæinn upp og koma fyrir í honum loftblásturskerfi, til þess að viðir fúni ekki, og járn var lagt undir torfið á þökunum með frárennsli undir þakbrúnunum, svo að vatn skemmi síður torfveggina. Þar eru komin gömlur rúm í baðstofuna með gömlum ábreiðum, gamaldags fót á snaga („uglur“ eru þessir snagar kallaðir, og gerðir úr tré); þar eru hlóðir með járn-pottum, tunnur og skyrtsáar, mjólkurtrog og strokkar í búri, ásamt kornkvörnum eins og þeirri sem Hjálmar „tudda“ í skáldsögunni „Maður og kona“ var verst við. Þar eru útskornir og fagurlega málaðir skápar (einn frá 1760), útskornar brauðfjalir og rúm-fjalir, gömul tóvinnuáhöld hvers konar, vefstóll og spuna vél, og alls konar áhöld til margskonar nota, sem fyrir löngu eða skömmu eru fallin úr því gildi sem þau höfðu. Þar eru gamlar kistur og koffort, grútarlampar og týrur.

Í Grenjaðarstaðabænum hefur verið reynt að búa svefnhús hjónanna líkast því, sem það var í tíð séra Benedikts Kristjánssonar, en það var hann sem endurreisti bæinn eins og hann nú er, fyrir 80 árum. Eins er í ráði að reyna að útbúa „suðurstofuna“ sem líkast því er hún var í hans tíð, ef unnt er að fá þangað eitthvað af þeim munum sem voru í eigu hans. Helga Þorgrímsdóttir á Húsavík gaf safninu hengilampa þann, sem var í svefnherbergi séra Benedikts og frú Ástu.

Byggðasafnið var opið til sýnis á hverjum degi, frá 9. júlí til 15. september, og skoðuðu það um 1500 gestir.

Þann 24. ágúst í sumar var minnst 80 ára afmælis Þverárkirkju í Laxárdal. Þetta er steinkirkja, sem Jón Jóakimsson, þá bóndi þar, lét byggja. Áður höfðu allar kirkjur á Þverá verið úr torfi, eins og tíðkast hafði á Íslandi öldum saman. Ég segi „allar kirkjur á Þverá“ vegna þess, að stöðugt þurfti að byggja upp torfkirkjuna, því að ekki var efnisvaranlegt. Á Þverá var hofi í heiðnum sið, en kirkja eftir kristnitöku og var hún helguð Sankti Péttri. Bóndinn á Þverá átti hofið og síðan kirkjuna, og svo hefur jafnan verið. Eru slíkar kirkjur hér kallaðar „bændakirkjur.“

Eftirtektarvert er það, hversu mikil vinna fór í það að byggja steinkirkjuna fyrir 80 árum. Þverá stendur vestan við Laxá, en eini steinninn, sem hægt var að nota, var austan við ána. Þar voru klappir, og voru þær fyrst sprengdar með púðri, svo var steinninn höggvinn til, og

loks fluttur á sleðum yfir ána um veturinn. En þegar farið var að hlaða kirkjuna kom í ljós, að ekki var nóg af steini, svo að sprengja varð meira og höggva til, og þá steina varð að flytja á hestum yfir ána um sumarið, en þeir eru um hálf tónna fet á þykkt.

Þeir sem haldið hafa kirkjuna eftir Jón Jóakimsson eru Jón Víðis, sonur hans (faðir fyrri konu Háldáns Eiríkssonar Þorbergssonar), Snorri bróðir Jóns, og svo Jónas Snorrason, núverandi bóndi á Þverá. Jónas hafði látið gera við kirkjuna og mála hana innan og utan fyrir afmælið og er það allt mjög smekklega gert.

Margir gestir voru við Þverárkirkju 24. ágúst, sumir langt að, þar á meðal Ragnar H. Ragnar og kona hans, en Hjálmar faðir Ragnars var organisti í Þverárkirkju um 50 ára skeið.

Gamli bærinn á Þverá er einn af þeim fáu torfbæjum á Íslandi sem enn er búið í, og er honum fjarskalega vel haldið við. En Jónas ráðgerir að byggja nýtt steinsteypuhús á næsta sumri og á það að standa sunnan og neðan við kirkjuna.

Í Laxárdal eru alls 58 manns, þar með talin börn. Tveir bæir þar eru nú komnir í eyði: Hamar og Brettingsstaðir, en tvö nýbyli hafa verið reist: eitt í Kasthvammslandi og heitir Árhvamur og annað í Hóllalandi.

Ég hef ekki haldið til haga nöfnum þeirra, sem dáið hafa í héraðinu síðan ég sendi Lögbergi fréttabréf í fyrra, en nokkurra get ég getið. Hólmfríður Eyjólfsdóttir, sem lengi var húsfreyja í Hellnaseli, er nýlátin. Hún átti heima hjá Þuríði dóttur sinni í Árbót síðustu árin. Hún var orðin nírað og var elzta konan í Aðaldal. Í apríl dó Jón Haraldsson á Einarstöðum sviplega (bróðir Einarssonar heitins Haralds), hann varð bráðkvaddur við jarðarför Lilju ekkju Jóns Kristjánssonar frá Glaumbæ, háaldraðar konu. Þá andaðist í sumar Krístrún Snorradóttir frá Geitafelli, átræð að aldri. Hún hafði átt heima á Siglufirði í mörg ár. Kristján Hjálmarsson, maður hennar, lifir enn. Hann er bróðursonur Jóns Hjálmarssonar, sem lengi átti heima í Argyle.

21. SEPTEMBER

Í morgun var jörð algrá af hélu. Í gærkvöldi skall á þoka, en létti seinnipart nætur með frosti. Ég sé út um gluggann að kartöflugrasíð mitt hefur fallið, en rófnakálið stendur bispert. Aður hefur tvisvar komið litilsháttar næturfrost en ekki gert neinn teljandi skaða.

Þá vandi ég mínu kvæði í kross, ef nokkur hefur þá enzt til að lesa þessa langloku. Ég sendi öllum vinum mínum og

Business and Professional Cards

ÞJÓÐRÆKNISFÉLAG ÍSLENDINGA í VESTURHEIMI
 Forseti: DR. RICHARD BECK
 801 Lincoln Drive, Grand Forks, North Dakota.
 Styrkið félagið með því að gerast meðlimir.
 Ársgjald \$2.00 — Tímarið félagsins fritt.
 Sendist til fjármálaritara:
 MR. GUDMANN LEVY,
 185 Lindsay Street, Winnipeg 9, Manitoba.

Minnist
BETEL
 í erfðaskrá yðar

G. F. Jonasson, Pres. & Man. Dir.
Keystone Fisheries Limited
 Wholesale Distributors of FRESH AND FROZEN FISH
 60 Louise St. Whitehall 2-5227

PARKER, TALLIN, KRISTJANSSON, PARKER AND MARTIN
 BARRISTERS — SOLICITORS
 Ben C. Parker, Q.C. (1910-1951)
 B. Stuart Parker, Clive K. Tallin, Q.C., A. F. Kristjánsson, Hugh B. Parker, W. Steward Martin
 5th Fl. Canadian Bank of Commerce Building, 389 Main Street
 Winnipeg 2, Man. Whitehall 2-3561

CANADIAN FISH PRODUCERS LTD.
 J. H. PAGE, Managing Director
 Wholesale Distributors of Fresh and Frozen Fish
 311 CHAMBERS STREET
 Office: SPruce 4-7451 Res.: SPruce 2-3917

FRÁ VINI

ERLINGUR K. EGGERTSON, B.A., L.L.B.
 BARRISTER AND SOLICITOR
 DE GRAVES & EGGERTSON
 800 Power Building
 Winnipeg 1, Manitoba
 Whitehall 2-3149 Res. GLOSe 2-6076

THE MODEL FUR CO.
 D. MINUK, PROP.
 Fur Coats Made To Order
 Repairing, Remodelling,
 Re-lining & Storing
 and Sports Wear
 Ladies' Sportswear of First Class Quality
 Tel. Whitehall 2-6619
 Res. Justice 6-1961
 304 Kennedy St. Winnipeg, Man.

Gleym mér ei
HÖFN
Icelandic Old Folks Home Society
 3498 Osler St., Vancouver 9, B.C.
 Féhróir, Mrs. Emily Thorson,
 3930 Marine Drive
 West Vancouver, B.C.
 Sími Walnut 2-5576
 Ritari
 Miss Caroline Christopherson
 6455 West Boulevard
 Sími Kerrisdale 8872

kunningjum beztu kveðjur, og þakka þeim, sem skrifuðu mér, eftir að ég sendi fréttabréfið í fyrra. Af mér og mínum er allt gott að fréttu. Lífið heill!

Aðalbjörg Johnson,
 Hvoli, Aðaldal,
 S.-Þingeyjarsýslu

SELKIRK METAL PRODUCTS
 Reykháfar, Örugasta eldsvörn. og Ávalt hreindir. Hitaeiningar-rör, ný uppfinning. Sparar eldi-við, heldur hita frá að rjúka út með reyknum.—Skrifið, símið til
KELLY SVEINSSON
 625 Wall St. Winnipeg
 Just North of Portage Ave.
 SPruce 4-1634 — SPruce 4-1634

S. O. BJERRING
Canadian Stamp Co.
 RUBBER & METAL STAMPS
 NOTARY & CORPORATE SEALS
 CELLULOID BUTTONS
 324 Smith St. Winnipeg
 Whitehall 2-4624

A. S. BARDAL LTD.
 FUNERAL HOME
 843 Sherbrook Street
 Selur líkkestur og annast um útfarir. Allur útbúnaður að bestu.
 Stofnað 1894 SPruce 4-7474

P. T. Guttormsson
 BARRISTER, SOLICITOR,
 NOTARY PUBLIC
 474 Grain Exchange Bldg.
 167 Lombard Street
 Office Whitehall 2-4829
 Residence 45-3864

SPruce 4-7855 ESTIMATES FREE
J. M. Ingimundson
 Reroof Asphalt Shingles. Roof repairs, install vents, aluminum windows, doors. J. Ingimundson.
 SPruce 4-7855
 632 Simcoe St. Winnipeg 3, Man.

Thorvaldson, Eggertson, Bastin & Stringer
 Barristers and Solicitors
 208 BANK OF NOVA SCOTIA Bldg.
 Portage and Garry St.
 Whitehall 2-8291

S. A. Thorarinson
 Barrister and Solicitor
 2nd Floor Crown Trust Bldg.
 364 MAIN ST.
 Office Whitehall 2-7051
 Res.: 40-8488

Dunwoody Saul Smith & Company
 Chartered Accountants
 Whitehall 2-2468
 100 Princess St. Winnipeg, Man.
 And offices at:
 FORT WILLIAM - KENORA
 FORT FRANCES - ATKOKAN

The Business Clinic
 Anna Larusson
 Office at 207 Atlantic Ave.
 Phone JU 2-8548
 Bookkeeping — Income Tax
 Insurance

Dr. ROBERT BLACK
 Sérfrævingur í augna, eyrna, nef og hálssjúkdómum.
 401 MEDICAL ARTS BLDG.
 Graham and Kennedy St.
 Office Whitehall 2-3851
 Res.: 40-3794